

2. nóvember 2021.

Blaðsíða | 1

Fræðsluráð Hafnarfjarðar.

MINNISBLAÐ – Umboðsmaður Alþingis, skólahúsnæði grunnskóla, frumkvæðisathugun, mál 2007092

Minnisblað þetta tengist erindi, frumkvæðisathugun, sem umboðsmaður Alþingis sendi öllum sveitarfélögum á landinu árið 2020 og Hafnarfjörður svaraði. Árið 2021 ákvað umboðsmaður að ítreka eða stækka athugunina og senda hana sérstaklega á fjögur sveitarfélög í kjölfar almennrar umræðu í samfélaginu. Eitt þessara fjögurra sveitarfélaga er Hafnarfjörður. Svar skrifstofunnar er enn í vinnslu og verður svarað á öðrum stað og sent fyrir miðjan þennan mánuð til rétttra aðila.

Meginefni frumkvæðisathugunar umboðsmanns er sú hvort sérstök rými séu í grunnskólum sveitarfélagsins til að setja nemendur í og eru ætluð þeim til refsinga, með eða án starfsfólks skóla inni hjá nemanda á sama tíma. Nemanda sé haldið þar inni og fái ekkert að gera (t.d. mat eða aðra kennslu) – svokölluð „gul herbergi“ eins og það lýsir sér í umræðu í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum.

Að eftirgrennslan mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar lokinni hjá öllum grunnskólum Hafnarfjarðar sér kannast enginn grunnskólastjóri við að sérstök rými, gluggalaus eða ekki eftir aðstæðum, séu í grunnskólunum og notuð til þess að refsa nemendum með því að loka þá inni. En umræðan er flóknari en svo. Það eru margvísleg rými í skólum, mismunandi eftir skólum, sem ætluð eru til náms og kennslu, fyrir minni og stærri hópa. Í einhverjum skólum eru útbúin sérstök rými til að skapa ró og vera ekki með hluti sem geta truflað (t.d. borð og stóla, ritföng) og mögulega geta þau verið nýtt til að hjálpa nemendum til að róa sig niður, öðlast slökun (jafnvel til hvíldar, jóga/núvitundar eða álíka) og til að vera í friði fyrir utanaðkomandi áreiti. Þessi rými virðast í dag vera komin undir hatt „gulra herbergja“ sem sögð eru til að refsa nemendum og loka þá inni, með viðeigandi verklagi, þ.e. að í ákveðnu verklagi við ofbeldi, skapofsa og skemmdarverkum barna sé fólgið ofbeldi gagnvart þeim sem brjóti á mannréttindum þeirra. Í íslensku skólakerfi er ekki til neitt opinbert verklag hvernig skuli vinna með börnum sem eiga í hegðunarvanda og verða skólar þar að treysta á ytri ráðgjafa og skólaþjónustu sveitarfélags. Í meginatriðum er þetta umræðan en í veruleikanum eru það persónuleg mál sem þarna eru í bakgrunni sem ekki er hægt að tjá sig um í opinberum minnisblöðum.

Virðingarfyllst,



Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla